

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar vegna miðbæjarreits.

Skipulagsstofnun staðfesti 25. nóvember 2025 breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 sem samþykkt var í bæjarráði 28. ágúst 2025.

Í breytingunni felst að gerð er breyting á ákvæðum um hæðir húsa á hluta miðbæjarsvæðis M1, úr tveimur hæðum í þrjár hæðir með inndreginni fjórðu hæð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 25. nóvember 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 9. desember 2025